

Til: Samráðsgáttar – opins samráðs stjórnvalda við almenning
Frá: Íslenska lífeyrissjóðnum
Efni: Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á ýmsum lögum vegna hækkunar lágmarksiðgjalds til lífeyrissjóðs og ákvæðum um tilgreinda séreign (lágmarkstryggingavernd o.fl.)
Dags.: 27. mars 2022

Um efni frumvarpsins vísar Íslenski lífeyrissjóðurinn til fyrri umsagna. Til upprifjunar þá eru efnisatriði frumvarpsins til þess fallin að flækja lífeyrissjóðakerfið að óþörfu að mati sjóðsins. Þá fela tillögur frumvarpsins í sér mestu breytingar á lögum um lífeyrissjóði frá því að lög nr. 129/1997, um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða, voru sett.

Uppruni þess frumvarps sem hér liggur fyrir á rætur í samkomulagi á milli ASÍ og SA en samanlagt umfang lífeyrissjóða á vegum þessara heildarsamtaka er á flesta mælikvarða minna en annarra lífeyrissjóða í landinu. Við undirbúning frumvarpsins hefur bæði verið gengið fram hjá Landssamtökum lífeyrissjóða, stéttarfélagum opinberra stafsmanna og öðrum aðilum er málið varðar. Þá er í frumvarpsdrögunum vísað til þess að frumvarpið byggi í megindráttum á tillögum starfshóps frá árinu 2017. Þetta er ekki rétt. Hópurinn skilaði engum formlegum tillögum.


Ef marka má fyrirliggjandi umsagnir um málið, bæði gamlar og nýjar, næst ekki víðtæk sátt um frumvarpið í núverandi mynd. Á fyrri stigum hefur ítrekað verið kallað eftir auknu samráði um lífeyrismál og breytingar á löggjöf um lífeyrissjóði. Á sama tíma hafa stjórnvöld boðað heildarendurskoðun á löggjöf um lífeyrissjóði sem yrði m.a. í formi grænbókarvinnu. Bent hefur verið á þversagnarkennd vinnubrögð enda að margra mati réttara að byrja á grænbók og gera lagabreytingar í framhaldinu.

Lög nr. 129/1997 voru samþykkt fyrir 25 árum eftir víðtækt samráð helstu hagaðila. Frá þeim tíma hafa um sjötíu sinnum verið gerðar breytingar á lögnum. Lögin skapa ramma utan um starfsemi lífeyrissjóða og skilgreina og forma uppbyggingu lífeyrisréttinda sjóðfélaga. Lögin hafa í grundvallaratriðum reynst vel enda skapa þau svigrúm fyrir sveigjanleika í starfsemi og vöruframboði lífeyrissjóða. Ýmsir þættir löggjafarinnar þarfnast endurskoðunar en hugmyndin um heildarendurskoðun er e.t.v. á misskilningi byggð. Heildarendurskoðun á lagabálki er að auki flókið og vandasamt verkefni ekki hvað síst þegar viðhorf eru ólík. Margt bendir til þess að það sé stjórnvöldum ofviða að gera slíkar breytingar á lögum um lífeyrissjóði.

Ef löggjöf á að þróast á hagkvæman og skilvirkan hátt þarf hún að þróast í takti við samfélagið og í sátt við hagaðila. Slík löggjöf þróast ekki í stökkum og kollsteypum heldur með jöfnum skrefum, rétt eins og lög um lífeyrissjóði hafa gert síðasta aldarfjórðunginn.

Með vísan til framangreinds er Íslenski lífeyrissjóðurinn mótfallinn því að fyrirliggjandi frumvarpsdrög verði lögð fram í núverandi mynd. Sjóðurinn leggur jafnframt til að horfið verði frá heildarendurskoðun á lögum um lífeyrissjóði. Þess í stað verði verklag endurskoðað, samráð við hagaðila aukið og aðkallandi verkþættir skilgreindir.

Virðingarfyllt,



Ólafur Páll Gunnarsson

framkvæmdastjóri Íslenska lífeyrissjóðsins.